

Sþ. 129. Tillaga til þingsályktunar [90. mál]

um síldarflutninga og síldarlöndun.

Flm.: Björn Jónsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir stofnun samtaka með síldarverksmiðjum og söltunarstöðvum um rekstur flutningaskipa, er annast gætu flutninga síldar til verksmiðja og söltunarstöðva, þegar þeir henta betur en flutningar veiðiskipanna á eigin afla. Jafnframt verði athugað, hvort ekki sé nauðsynlegt, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um samstarf eigenda söltunarstöðva og síldarverksmiðja og útvegsmanna um, að komið verði á fót miðstöð, sem stjórnin allri löndun síldveiðiskipanna með tilliti til sem fyllstrar nýtingar á afkastagetu vinnslustöðvanna og á veiðimöguleikum síldveiðiflotans.

Greinargerð.

Þáttur síldveiða og síldariðnaðar í atvinnulífi þjóðarinnar hefur mjög farið vaxandi á síðustu árum, og bendir margt til þess, að sú þróun haldi áfram um fyrirsjáanlega framtíð. Ný tækni í veiðiaðferðum, gerð fiskiskipanna, flutningum og vinnslu aflans hefur stóraukið líkur fyrir því, að þessi atvinnugrein verði árvissari og arðvænlegri en áður. Skilyrði fyrir því eru þó vafalaust þau m. a., að fullrar hagsýni sé gætt bæði varðandi nýtingu þeirrar miklu fjárfestingar, sem nú þegar liggur í þessum atvinnurekstri, og einnig varðandi framkvæmdir í framtíðinni, sem líklegt er að verði miklar. En í þessum efnum er við meiri vanda að etja en í flestum öðrum atvinnugreinum, annars vegar vegna breytileika og óvissu um veiðisvæði, en hins vegar þarfar á staðbundinni fjárfestingu í verksmiðjum og vinnslustöðvum.

Til nokkurrar glöggvunar á þessu vandamáli er rétt að rekja í aðalatriðum, hvernig þróun síldveiða og síldariðnaðar hefur verið hér á landi. Á síðari hluta 19. aldar var veidd allmikil síld á Austfjörðum og söltuð til útflutnings. Úr þessum veiðum dró mjög undir aldamótin, og færðust þær nú til Norðurlandsins og mest til Eyjafjarðar. Um líkt leyti hófust síldveiðar úti á rúmsjó, og hélzt svo um hríð, að síldveiðar voru mestar út af Norðurlandi. Í kjölfar þessa voru síldarverksmiðjur reistar á Siglufirði og við Eyjafjörð, sem þá lágu bezt við síldarmiðunum. Um skeið var þó veiði mikil á Húnaflóa, út af Hornströndum og jafnvel allt vestur að Ísafjarðardjúpi. Síldarverksmiðjur voru þá reistar á Önundarfirði

og á Hesteyri við Jökulfirði, og fengu verksmiðjur þessar mikið magn síldar um árabíl. Þá var og byggð verksmiðja við Reykjarfjörð á Ströndum.

Samhliða miklum skipakaupum til síldveiða eftir heimsstyrjöldina síðari voru byggðar 4 stórar síldarverksmiðjur á Norðurlandi, þar af 2 á Siglufirði, 1 á Skagaströnd og 1 á Ingólfsvörðum. Verksmiðjurnar í Krossanesi og á Raufarhöfn voru þá einnig stækkaðar mikið.

Nú mun afkastageta hinna 11 síldarverksmiðja á Norðurlandi vera a. m. k. 50 þús. mál síldar á sólarhring og 2 verksmiðja á Ströndum um 7 þús. mál. Söltunarstöðvar eru rúmlega 40 á Norðurlandi.

Undanfarin sumur hefur síldveiði mjög tregast út af Norðurlandi, en jafnframt aukizt út af Austfjörðum, mest djúpt út af landinu. Þessi breyting á veiðunum hefur svo orðið undirstaða þess, að ráðizt hefur verið í byggingu margra síldarverksmiðja og fjölda söltunarstöðva. Er talið, að verksmiðjurnar á Austfjörðum geti nú unnið 22—23 þús. mál á sólarhring. Afkastageta allra síldarverksmiðja á Norður- og Austurlandi er því nú orðin yfir 70 þús. mál á sólarhring.

Af síldveiðunum við Suður- og Suðvesturland er ekki ólíka sögu að segja. Veiðisvæðin hafa verið mjög breytileg, bæði eftir árstímum og frá ári til árs. Í Hvalfirði og Kollafirði var uppgripaveiði í tvo vetur, og voru þá byggðar nýjar síldarverksmiðjur með mikilli afkastagetu, en veiðin brást síðan í mörg ár. S. l. 4—5 ár hefur síldveiði verið stunduð við Suður- og Suðvesturland á nokkuð á annað hundrað skipum, og hafa veiðisvæðin helzt verið út af Faxaflóa og Snæfellsnesi, en einnig s. l. vetur út af Suðausturlandi og hélzt nokkur veiði þar einnig s. l. sumar. Síldveiðar fyrir Suður- og Suðvesturlandi s. l. 4—5 ár hafa ýtt af stað miklum framkvæmdum í byggingum síldarverksmiðja og söltunarstöðva sunnanlands. Er þar nú orðinn slíkur verksmiðjukostur, að hann getur unnið allan bræðslusíldaraflann, miðað við síðustu vertíð, á einum mánuði eða tæplega það.

S. l. sumar varð því nær engin síldveiði vestan Melrakkasléttu, en hins vegar varð mjög mikil veiði út af Austurlandinu lengst af 40—200 mílur frá landi. Meðan veiðin var í hámarki, hlóðst meiri afli á land á Austfjörðum en nokkrir möguleikar voru þar til að vinna í bræðslu og söltun. Veiðiskipin urðu því að bíða löndunar langtímum saman eða sigla til Norðurlandshafna, sem oftast mun hafa valdið viðkomandi skipum 2—3 sólarhringa töfum frá veiðum hverju sinni. Meðan þessu fór fram, stóðu flestar síldarverksmiðjurnar á Norðurlandi verkefnalítlar þrátt fyrir sína miklu afkastagetu og nægan mannafla. Og enn var þó ástandið verra hjá söltunarstöðvunum þar, sem flestar voru reknar með geigvænlegu tapi, enda nær verkefnalausar.

Nokkur tilraun var gerð til þess að hjarga rekstri sumra verksmiðjanna á Norðurlandi og um leið verðmætum með flutningastarfsemi 5 erlendra skipa, og einnig var tilraun gerð með tankskipinu Þyrli til þess að dæla síld úr skipum á miðum úti og flytja til síldarverksmiðjunnar í Bolungarvík. Mun sú tilraun hafa sannað hæfni nýrrar tækni við dælingu síldar úti í rúmsjó, en bæði Þyrill og hin erlendu flutningaskip munu hafa reynzt langtum of lítil, til þess að rekstur þeirra væri hagstæður.

Enda þótt ekki sé enn fengin nægilega mikil reynsla af því, hvernig síldarflutningum verði bezt hagað, og nauðsynlegt sé að afla hennar, virðast líkurnar miklar fyrir því, að slíkir flutningar geti komið að miklu gagni í ýmsu tilliti og leyst margan vanda samhliða öðrum nauðsynlegum framkvæmdum. Trúlega þarf að byggja bræðslusíldarflutninga á stórum tankskipum, en hugsanlega flutninga söltunarsíldar á smærri skipum, t. d. togurum, sem ella lægju ónotaðir. Með stóru auknum síldarflutningum beint af miðum eða frá sérstökum geymslustöðvum í landi mundi eftirfarandi sennilega vinnast:

1. Spöruð yrði að einhverju leyti ný fjárfesting í verksmiðjum og vinnslustöðvum og hráefnisverði til útvegsmanna og sjómanna þannig haldið hærra en ella.

2. Rekstur sildarverksmiðja og söltunarstöðva mundi betur tryggður en áður og atvinnuöryggi aukast í sildarbæjunum, en á því er brýn þörf, sem ella yrði víða að mæta með öðrum hætti.
3. veiðimöguleikar sildveiðiflotans sem heildar mundu aukast.
4. Rekstrarmöguleikar minni bátanna, sem nú eiga erfiðast uppdráttar, mundu batna verulega, einkum ef reynsla yrði góð af flutningum beint af miðunum.
5. Breytileiki veiðisvæða mundi ekki hafa áhrif á gagnsemi fjárfestingar í þessum framkvæmdaþætti sildariðnaðarins.

Með þáttill. þessari er stefnt að því, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um stofnun samtaka um rekstur flutningaskipa. Telja flm., að með sameign og sameiginlegum rekstri fengist betri nýting slíks skipastóls og að meiri líkur yrðu fyrir æskilegum árangri. Í annan stað er svo lagt til, að athugað verði, hvort ekki sé tímabært orðið, að allri löndun sildveiðiflotans verði í framtíðinni stýrt frá einni miðstöð, sem ávallt byggi yfir fullri vitneskju um vinnslumöguleika á hverjum stað og öðru, sem máli skiptir til þess að ákvarða sem öruggastar og tafaminnstar siglingar veiðiskipanna.